

Fundargerð

Hópur: Stýrihópur um sameiningu Korpuskóla og Víkurskóla – sjöundi fundur.

Starfsmaður: Ásgeir Björgvinsson skóla – og frístundasviði sem ritaði fundargerð.

Fundardagur: 22. nóvember 2011

Tími: 16:15-18:00

Fundarstaður: Korpuskóli

Verkefni og markmið fundar:

- Undirbúningur vegna kynningarfundar með foreldrum og yfirferð á verk – og tímaáætlun vegna næstu verkefna.

Þetta gerðist:

- Rætt var um kynningarfund um störf stýrihópsins sem fór fram með starfsfólki rétt fyrir fund stýrihópsins, sem og kynningarfund með foreldrum sem var haldinn strax eftir fund stýrihópsins.
- Hugmyndin um fagfund með þjóðfundasniði og hvernig best væri að standa að slíku, var til umræðu. Fram komu misjöfn sjónarhorn en flestir voru þeirrar skoðunar að mikilvægt væri að starfsfólk, nemendur og foreldrar ynnu saman á slíku hugmyndaþingi. Í þessu sambandi var bent á samráðsfund sem haldinn var nýlega í Vesturbæ Reykjavíkur sem fjallaði um mál þess hverfis almennt. Hugsanlega væri hægt að fá leiðsögn um framkvæmd slíks fundar í Grafarvoginum frá fólkinu sem stóð að fundinum í Vesturbænum. Stefnt er að því að slíkt hugmyndaþing verði haldið í janúar 2012.
- Í verk – og tímaáætlun hópsins sem komin er á netið, er gert ráð fyrir að könnun fari fram á viðhorfum og reynslu foreldra af veru unglinga úr Staðarhverfi í Víkurskóla síðastliðinn þrjú ár. Var í þessu sambandi bent á að í janúar 2012 verði send út foreldrakönnun til úrtaks foreldra í öllum grunnskólum borgarinnar, þar sem hægt væri að spyrja foreldra í Staðar – og Víkurhverfi sérstaklega að fyrirnefndum þætti.

Eftirtaldir ákvarðanir voru teknar:

- Stýrihópurinn mun funda í síðasta skipti fyrir jól föstudaginn 9. desember kl. 8.30 í Víkurskóla. Á þeim fundi mun hópurinn fara yfir og skipuleggja þá þætti verk – og tímaáætlunar sem þurfa að klárast eða hefjast fyrir áramót.
- Fulltrúar skóla – og frístundasviðs munu fyrir næsta fund ræða við skipuleggjendur hugmyndaþingisins í Vesturbæ til að fá ráðleggingar og upplýsingar vegna fyrirhugaðs fagfundar með starfsfólki, nemendum og foreldrum nýs sameinaðs skóla.

Fundi slitið kl. 18.00

Viðstaddir:

Frá Korpuskóla

Margrét Einarsdóttir skólastjóri
Laufey Einarsdóttir fulltrúi starfsfólks
Inga Dóra Hrólfsdóttir fulltrúi foreldra
Olga B. Gísladóttir fulltrúi foreldra

Frá Víkurskóla

Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri
Brynja Sigurðardóttir fulltrúi starfsfólks
Þorkell Logi Steinsson fulltrúi starfsfólks
Rósa Hjartardóttir fulltrúi foreldra

Frá þjónustumiðstöðinni Miðgarður
Helgi Viborg deildarstjóri

Frá frístundamiðstöðinni Gufunesbær
Þóra Melsted deildarstjóri

Frá Skóla – og frístundasviði

Auður Árný Stefánsdóttir formaður stýrihóps
Ingibjörg Gísladóttir mannauðsráðgjafi
Hildur Sigurðardóttir mannauðsráðgjafi